

Pési



Lesið þetta

- Mennt er máttur
- Fréttir frá skrifstofu
- Auglýsingar
- Leikskólafréttir
- Bókasafnið

Næsti Pési kemur út
17. okt. Skil á efni er
14.okt

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Smíðastofa	5
Endur- menntun	6
Leikskólinn	10
Golf	13

Sept 2008 Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 219. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Rannsóknarleyfi á jarðhita í Hrunamanna- hreppi

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að allt bendir til þess að borholan í landi Kópvatns 1 virðist hafa tekist vel. Staðurinn sem borað var á nefnist Skarð-ás. Fulltrúar ÍSOR, þ.e. Íslenskra orkurannsóknatelja holuna eina bestu holu sem boruð hefur verið á lághitasvæði. Endanlegar niðurstöður um magn og hita liggja ekki fyrir en holan hefur mest gefið 70 sek.l. af 150° heitu vatni, þó er líklegt að þessar tölur eigi eftir að lækka. Sérstakt rannsóknarleyfi hefur verið gefið á vegum Iðnaðarráðuneytisins sem gildir til ársins 2013. Uppá framvindu þessara mála væri æskilegt að eigendur jarða sem eru inni á þessu jarðhitasvæði tæku sig saman og fengið væri rannsóknarleyfi fyrir áframhaldandi boranir á svæðinu m.v. auðlindakortið af Hrunamannahreppi.



Ásdís og Harpa í Auðsholti pakka gulrótum

Ljós: SigSigm



Kornuppskera í Miðfelli

Ljós.. SigSigm

Mennt er máttur

Það fylgir því alltaf eftirvænting og vonandi í flestum tilfellum tilhlökkun þegar skólarnir hefjast. Leikskóli og grunnskóli eru undirstöðustofnanir í hverju sveitarfélagi. Af þeim sökum skiptir miklu máli hvernig haldið er á þeim málum. Í þessum stofnunum er í rauninni lagður grunnur að framtíð barna okkar. Þar þarf að fara saman góð aðstaða, góður vinnuandi og metnaður. Sá metnaður þarf að vera gagnkvæmur. Skólastarf hefur gengið vel í okkar sveitarfélagi á undanförunum árum. Það ber að þakka. Aðstaðan hefur einnig verið að batna og er það vel og enn má betur gera enda verkefni sem í rauninni lýkur aldrei í lifandi stofnunum. En hús er eitt og andinn í húsinu er annað. Húsið er í rauninni ekkert annað en kassi m.m. að gerð, lögum og efniviði. Starfsandinn er lykilatriði. Hver persóna á stórum og litlum vinnustöðum skiptir miklu máli og getur haft mikil áhrif á andrúmsloftið í rauninni bæði til góðs og illis. Nákvæmlega má segja hið sama um nemendur. Að mínu mati finnst mér starfsandinn í menntastofnunum okkar vera góður og metnaður ríkir á báða bóga. Það eru mjög eðlileg og ágæt samskipti milli skólanna og hreppsyfirvalda. Fræðslunefndin okkar er óvenjulega virk og tengir skólastarfið vel inn í starfsemi hreppsnefndarinnar. Griðarlegar þjófélagsbreytingar hafa átt sér stað í samfélagi okkar á síðustu áratugum. Aukin menntun þykir sjálfsgöð og segja má að enginn sé fullnuma þó hann ljúki prófi. Það er í rauninni mjög jákvætt. Í þessum Pésa kemur fram að bæði kennarar í leikskóla og grunnskóla eru afar duglegir við að afla sér aukinnar þekkingar og menntunar. Allt þetta hefur áhrif á skólastarfið og menntastefnuna. Í eina tíð var talað með lítilsvirðingu um svokallaða „eílífðarstúdent“ en í dag má segja að við séum það öll í jákvæðri merkingu þess orðs. Mikil fjölbreytni er í námsframboði bæði í hefðbundnu skólanámi, fjarnámi eða á styttri námskeiðum. Nýlega er kominn út bæklingur frá Fræðsluneti Suðurlands þar sem boðið er uppá fjölbreytt námskeið. Í mörgum tilfellum geta þeir sem greiða aðildarfélagsgjald til stéttarféлага fengið styrk til þátttöku í námskeiðum. Við eigum að nýta okkur alla þessa möguleika til þess að gera lífið fjölbreytilegra og opna nýjar víddir. Við skulum kappkosta að hlúa vel að skólastarfinu, bera virðingu fyrir því starfi sem þar fer fram. Börnin eru framtíð byggðarlagsins og eftir því sem okkur tekst betur til að mennta þau og þroska eru meiri líkur á betri framtíð þeirra og byggðarlagsins.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Sveitarstjóri.

Hátíð í bæ

Réttardagurinn er einn af aðalhátíðisdögum í sveitum landsins næst á eftir jólum og páskum. Hrunaréttir eru í dag 12 sept með tilheyrandi, jarmi, hundgá, hneggi og háreisti sem endar svo með allsherjar réttasöng. Réttirnar hefjast kl. 10:00 að morgni. Við vonumst eftir góðu veðri og góðu skapi og góðri kjötsúpu en það er einnig skemmtileg hefð að á réttardaginn er gjarnan elduð kjötsúpa sem aldrei bragðast betur en um þetta leyti árs þegar grænmetið er hvað bragðbest. Þegar ketið og kálið kemur saman er ekki að sökum að spyrja. „Bragðið mígur í munni“ eins og þeir segja fyrir norðan. Vitað er að boðið verður uppá kjötsúpu á Grund og líklegt er að boðið verði uppá slíkt góðgæti víðar.

Bestu flatir landsins á Efra –Seli

Nú er langt liðið af golfvertíðinni. Í bókinni GOLF sumarið 2008 er sérstaklega fjallað um golfvöllinn á Efra-Seli við Flúðir og fær hann einkar góða dóma. Þar segir m.a.:“ Það eru ekki margir 18 holu vellir á landsbyggðinni og golfvöllurinn á Flúðum er mjög sérstakt „fyrirbæri“. Flatirnar á vellinum, og þá sérstaklega efri hluti vallarins, gefa bestu flötum landsins ekkert eftir“. Þá segir um veitingarnar í golfskálanum: „ Besta pizza á landinu var dómur sem 10 ára gutti gaf flatbökkunni í gamla fjósinu hjá gestgjöfunum á Efra-Seli að loknum 18 holu golfhring. Það þarf ekki háskólapróf til þess að komast að sömu niðurstöðu. Veitingar bregðast aldrei og samkvæmt áreiðanlegum heimildum sumarbústaðeiganda á Flúðum er nánast alltaf logn og blíða á golfvellinum“. Þetta segir í golfbókinni góðu. Ekki amaleg umsögn þetta. Golfvallareigendurnir þau Halldór, Ástríður, Halldóra og Unnsteinn og reyndar við öll getum verið montin af þessari umsögn. Það eru heldur ekki mörg 800 manna sveitarfélög sem hafa tvo golfvelli eins og hér í Hrunamannahreppi en einnig er vel látið af Ásatúnsvellinum og veitingunum í Snússuskála .

Byggð á Bríkum

Um nokkurt skeið hafa staðið yfir viðræður milli forsvarsmanna Hrunamannahrepps, veitustjórnar og eigenda lands í Sunnuhlíð, þar sem skipulagt hefur verið íbúðahverfi sem gæti þegar fullbyggt er talið um 130 hús og íbúðir. Félagið sem á landið nefnist Byggð á Bríkum og er í eigu Páls Guðmundssonar og bræðranna Árna og Guðmundar Hjaltasona frá Galtafelli. Viðræðurnar felast í samvinnu hreppsins og þessara aðila um gatnagerð, veitumál o.fl. Í þessu landi verður væntanlega hreinsistöð frárennslis sett niður en hreinsistöðin hefur þegar verið keypt og á vonandi eftir að virka og nýtast vel en sífellt eru gerðar meiri kröfur í umhverfis og frárennslismálum hér á landi.

Smíðastofan tekin í notkun eftir réttir

Í þessari viku er verið að ganga frá undirstöðum undir nýju smíðastofuna sem flutt verður í heilu lagi hingað frá Selfossi. Það er fyrirtækið SG einingahús sem byggir. Smíðastofan er liðlega 100 m² að stærð og verður staðsett framan við íþróttahúsið rétt við handmenntastofurnar sem þar eru. Með tilkomu smíðahússins verður öll aðstaða til handmenntakennslu til mikillar fyrirmyndar og aðstaðan til útikennslu er alltaf spennandi hér á Flúðum. Í Vestmannaeyjum er stundum talað um fyrir og eftir þjóðhátíð. Hér tölum við um fyrir og eftir réttir. Nú er því miður útséð að við náum ekki að koma smíðahúsinu á réttan stað fyrir réttir en ljóst er að ef allt fer að skilum verður hægt að byrja kennslu í smíðastofunni fyrir næstu mánaðarmót.

Bækur Halldórs gefnar bókasafninu

Halldór heitinn Gestsson átti mikið og gott bókasafn. Systkini hans hafa nú gefið Bókasafni Hrunamannahrepps safnið. Forsvarsmenn hreppsins og bókavörðurinn okkar Áslaug Bjarnadóttir þakka þessa myndarlegu gjöf. Hrunamenn eru hvattir til þess að nýta sér safnkostinn á bókasafninu þar er einnig tölva vilji fólk komast inná netið.

Starfsmenn duglegir við endurmenntun

Það er ánægjulegt hve starfsmenn Flúðaskóla og Leikskólans Undralands eru duglegir við endurmenntun. Skólastjórinn okkar Guðrún Pétursdóttir er í ársleyfi og stefnir að meistaranámi í stjórnun einnig er Sjöfn Sigurðardóttir í eins árs námsleyfi og er í framhaldsnámi í sérkennslu.

Starfsmenn leikskólans eru einnig duglegir við endurmenntun. Þannig lauk Freyja Þorkelsdóttir B.Ed-gráðu (90 einingum) í leikskólakennarafræðum s.l. vor . Erna Óðinsdóttir lauk 15 eininga viðbótarnámi B.Ed.- gráðu í leikskólafræðum. Þá lauk Halla Gunnarsdóttir Dipl. Ed gráðu í sérkennslufræðum sem kandídat úr framhaldsnámi og Eydís Helgadóttir, leikskólastjóri lauk Dipl. Ed gráðu í stjórnunarfræði menntastofnana alls 30 einingum sem kandídat úr framhaldsnámi. Við óskum starfsfólki okkar til hamingju með þessa áfanga sem eru auðvitað öllum til góðs samfélaginu okkar og þessum dugmiklu konum. Aðrir starfsmenn hafa einnig verið duglegir að sækja námskeið tengt starfinu í skólunum. Þá eru nú fimm starfsmenn okkar í leikskólanum þær Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, Elín Hannibalsdóttir, Hanna Björk Grétarsdóttir, Arnheiður Sigríður Þorvaldsdóttir og Steinunn Ingibjörg Pétursdóttir í fjarnámi á vegum Fræðslunets Suðurlands á fagnámskeiði ætluðu starfsfólki leikskóla.

Fjallferð

Haustið er uppskerutími. Ekki bara hjá garðyrkjumönnum heldur mörgum fleiri t.d. sauðfjárbændum. Þegar þetta er skrifað er vösk sveit manna á Hrunamannaafretti í smalamennsku. Réttardagurinn er í dag föstudaginn 12. september. Það er ósk okkar og von að fjallmenn fái gott veður og smalamennskan gangi vel. Ritstjórinn skrifaði einhverju sinni um göngur og réttir og ágætur íbúi hreppsins benti vinallega á að hér um slóðir töluðu menn ekki um göngur og réttir, heldur fjallferð og smalamennsku. Allar ábendingar um efnisval og orðnotkun eru vel þegnar því máltækið segir: „ Svo lengi lærir sem lifir“.

Enn um Bakkatúnsveg

Mikið er spurt um framvindu mála hvað fyrirhugaðan Bakkatúnsveg áhrærir. Eins og áður hefur komið fram hefur hreppsnefnd fengið Helga Jóhannesson, lögfræðing til þess að vinna að málinu en hann er sérfróður í málum sem þessum. Helgi hefur sent Skipulagsstofnun bréf þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið geti beitt eignarnámsheimildum sínum vegna framkvæmda við Bakkatúnsveg. Verði þetta leyfi veitt fer málið fyrir Matsnefnd eignarnáms bóta. Sem ákveður bætur fyrir það land sem undir veginn fer. En eins og oft áður hefur komið fram er vegurinn m.a. forsenda þess að hægt sé að byggja upp íbúðir fyrir aldraða á því landi sem Sigrún Tómasdóttir mun gefa undir þá starfsemi. Það er skiljanlegt að mörgum þyki allt seint ganga í þessum efnum, en málið er gamalt og flókið og er nauðsynlegt að fá einhverjar lyktir í það, hvað sem framtíðin ber í skauti sínu.

Leikskólakennarar funda um kjaramál

Flúðir eru mjög vinsæll funda og ráðstefnustaður. Samninga- nefnd leikskólakennara fundaði hér um síðustu helgi. Ekki er vitað annað en að fundurinn hafi farið heldur friðsamlega fram. Í framhaldi af fundarhaldi heimsótti nefndin Leikskólann Undraland. Það var samdóma álit kennaranna að leikskólinn okkar væri til mikillar fyrirmyndar hvort heldur er aðstaða eða hið innra starf. Það er gaman til þess að vita og vonandi höldum við sem allra lengst góðum starfsanda í öllum stofnunum hreppsins. Mjög algengt er að starfsmenn leikskólans fái heimsóknir samstarfsfólks í uppeldisgeiranum, til þess að skoða leikskólann og starfsmenn hans hafa haldið erindi um uppeldismál á námskeiðum leikskólakennara.



VÖRÐUKÓRINN

Frá Vörðukórnum.

Fyrsta æfing haustsins verður **miðvikudaginn 17. september kl. 20:30 í Árnesi.**

Í vetur ætlum við meðal annars að æfa og flytja íslenska leikhústónlist með þá bræður Jónas og Jón Múla Árnasyni í öndvegi.

Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Nýir kórfélagar velkomnir í metnaðarfullt söngstarf og skemmtilegan félagsskap.

Með söngkveðju

Stjórn Vörðukórsins



Frá Slökkviliðinu

Okkur hjá slökkviliðinu langar að þakka þeim sem hafa lagt okkur lið vegna brunaútkalla í sumar þar sem hefðbundnum slökkvibílum var ekki við komið, þann 11 júlí kviknaði eldur í gróðri inn við Laxárgljúfur en þar lögðu okkur lið á sínum fjórhjólum þeir Einar Harðarson og Magnús Grímsson, ásamt föruneysi, björgunar-sveitin Eyvindur lagði til torfærubifreið og bílstjóra.

Samtímis kom útkall vegna gróðurelds uppi á Miðfelli sem talið er að kviknað hafi útfrá einnota grilli sá eldur var slökktur af heimamönnum í Miðfellshverfinu ásamt fleirum undir dyggri stjórn Gunnlaugs Magnússonar.

Þann 15 júlí kviknaði eldur útfrá reyrkröri í afréttarhúsinu í Leppis-tungum, mestu um að ekki færi illa þar réð vaskleg framganga Benedíkts Ásgeirssonar sem íklæddur lopapeysu og vettlingum réð niðurlögum eldsins,

Öllu þessu fólki færum við bestu þakkir fyrir hjálpina.

. og hvetjum alla til að fara varlega með eld.



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað *Húðhreinsun*
Litun og plokkun *Handsnyrting*
Fótsnyrting *Förðun* *Vaxmeðferðir*
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Til sölu silfurlitað pallhús á Nissan
Double Cap(navara)passar frá ár-
gerð 2003 og uppúr,kostar nýtt ca
200.þús,
selst á 70. þús.
Erlingur. 866 9633

Atvinna!!
Okkur vantar duglegan starfsmann.
Flúðafiskur
486 6783 / 896 6098

Orðsending.
Til eldri Hrunamanna
Eftir sólríkt og gott sumar hefjum við vetrarstarfið að nýju
í kjallaranum, þriðjudaginn 30. sept.
Hittumst öll hress og glöð
Bubba og Sigga



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: t

Leikskólafréttir

Leikskólinn opnaði aftur eftir sumarfrí 13. ágúst. Nemendurnir sem eru 40 talsins hafa verið að tínast hægt og sígandi úr sumarfríninu og mæta galvösk til náms og leiks við skólann. Vetrarstarfið kemur til með að vera í nokkuð föstum skorðum. „Ég og umhverfi mitt“ er útgangspunktur í öllum verkefnum leikskólans. Einnig verður unnið með húsdýrin í vetur og byrjum við á því að taka sauðkindina fyrir sem er vel við hæfi nú í september. Við alla vinnu í leikskólanum eru börnin hvött til að uppgötva sjálf og skoða hlutina út frá margvíslegu sjónarhorni. Að auki verður lögð áhersla á úti-kennslu og er því viðbúið að víða sjáist til okkar í sveitarfélaginu við að kanna heiminn.

Á dögnum lögðum við landkrabbarnir í Undralandi land undir fót og héldum með rútu af stærstu gerð í fjöruferð niður á Stokkseyyri. Börn og starfsfólk endasentust um alla fjöru við að safna hinum ýmsu gullum sem hafið hefur uppá að bjóða. Meðal annars fundum við lifandi krabba sem fengu aðsetur í fiskabúri leikskólans, þessir krabbar eru búnir að veita okkur landkröbbunum ómælda ánægju og gleði. Í vetur verða svo fjörugullin nýtt við hverskonar listsköpun. Látum fylgja lítið gullkorn eftir fjöruferðina um hvað íslensk tunga er skemmtileg: Móðir spurði barnið sitt hvað það hefði fengið að borða í fjöruferðinni, barnið svarar um hæl: „sjampó“. „Fenguð þið sjampó“ segir móðirin. Nei.....svarar barnið „það var næring“! (starfsmaður sagði við barnið þegar komið var að nestistíma: „nú skulum við fá okkur næringu“)

Haustið er tími uppskeru hverskonar, við vorum svo lánsöm að fá heimboð á nokkra staði til að tína rífsber. Litlu krílnum okkar af Móakoti var boðið í Bjarkarhlíð til Önnu og Helga. Heiðarkotsbörnunum var boðið að Ljónastíg til Elínar og Júlíusar og elstu börnunum á Skógarkoti var boðið út að Efra - Seli á golfvöllinn til Ástu, Halldórs, Unnsteins og Halldóru. Við viljum þakka kærlega fyrir heimboðin og veitingarnar. Þess má geta að allir gengu á áfangastað og sumir heim aftur, en þeir sem lengst fóru fengu far í skólabílnum hans Jóa.

Þar sem við erum að vinna verkefni í tengslum við sauðkindina þá væri okkur mikill fengur í því að eignast leggi, vökur og fleiri bein sem voru notuð til leikja í gamla daga. Ekki væri amalegt að fá frásagnir af okkur eldra og reyndara fólki um hvernig þessir dýrgripir voru notaðir og hvaða bein táknaði hvert húsdýr. Ásta á Seli gaukaði að okkur nokkrum kjálka-beinum og sagði okkur jafnframt frá því að þegar hún var barn þá var sérstakur málningardagur á Selsbæjunum og beinin máluð með penslum sem Gestur heitinn á Syðra - Seli bjó til úr hrosshárum.

Í leikskólanum er unnið að allrahandu listsköpun og til þess notum við fjölbreyttan efnivið. Margt finnum við í vettvangsferðum sem spennandi er að nota við listsköpunina, annað kaupum við, svo eru líka margir sem koma færandi hendi eftir tiltekt í geymslunni. Ef þið eigið í förum ykkar; krukkur, tappa, efnisbúta, garn, úr sér gengin rafmagnstæki og fleiri skemmtilega hluti sem þið eruð hætt að nota, þá erum við í leikskólanum tilbúin að þiggja þessa hluti og gefa þeim nýtt hlutverk. Einnig tökum við glöð á móti hljóðfærum sem búið er að leggja á hilluna, við getum dustað af þeim rykið og komið þeim í notkun hjá litla tónlistarfólkinu okkar sem semur ekki síðri tónlist en Atli Heimir.

Fyrir þá sem vilja fræðast enn frekar um leik okkar og störf í leikskólanum bendum við á heimasíðuna; undraland.is og / eða heimsækja okkur í Undralandið.

Að lokum viljum við þakka öllum sem komið hafa færandi hendi með „gull“ í poka.

Börn og starfsfólk Undralands



Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hruna-
mannahreppur.

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskups-
tungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Íslandsmót í sveitakeppni unglunga, 16 ára og yngri.



Dagana 15. til 17. ágúst sl. fór fram sveitakeppni unglunga í golfi á Selsvelli. Keppt var í drengja- og telpnaflokki, 16 ára og yngri. Keppendur voru um 120 talsins og er mótið eitt af þeim fjölmennustu sem haldið hefur verið í þessum flokki frá upphafi. Þar sannast að mót sem þessi eiga vel heima úti á landi. Sigurvegarar í báðum flokkum voru að þessu sinni A-sveitir Golfklúbbs Reykjavíkur (GR).

Til leiks voru mættar 23 sveitir frá 13 golfklúbbum, víðsvegar af landinu. Með í för voru liðsstjórar, þjálfara og foreldrar. Veður var gott, þurr en nokkuð vindasamt og gerði það kylfingum erfitt fyrir á vellinum þar sem trjágróðurinn lék stórt hlutverk.

Keppendur voru klúbbum sínum til sóma og voru kylfingar og aðstandendur þeirra afar ánægðir með aðstöðuna og golfvöllinn.

Mót sem þessi eru golfklúbbnum sem og öllum ferðapjónustu-aðilum á svæðinu mikilvæg og vonandi verður meira um slíka viðburði á næstu árum.

Golfmót af þessari gerð krefjast mikillar vinnu og vill undirritaður þakka nefndarfólki undirbúningsnefndar, fulltrúum GSÍ (Goldsambands Íslands), keppendum, sjálfboðaliðum og öðrum sem að undirbúningi mótsins komu fyrir ánægjulegt samstarf.

Unnsteinn Eggertsson, form. Undirbúningsnefndar

Útsala útsala!!!

**Laugardaginn 20.september kl:13-17 verður útsala á lagernum í Ferðamiðstöðinni,hann verður seldur á kostnaðarverði (heilsöluverði)
Gos, nammi og ís
Sjáumst í Ferðamiðstöðinni**

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabryjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600
www.landstolpi.is



Athugið!

Á einhver bíl, sem við gætum fengið lánaðan eða leigðan í vetur? Okkur vantar nefnilega bíl fyrir körfuboltaþjálfara, sem hingað er væntanlegur (tilvalinn styrkur fyrir deildina)

Upplýsingar í síma 844 8211

hjá Kolbrúnu Kristínu



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Kaffi-Sel verður opið á næstunni sem hér segir:

Fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.00 til 20.30 og laugardaga og sunnudaga frá kl. 09.00 til 20.30.

Lokað aðra daga vikunnar.

Golfvöllurinn er opinn alla daga meðan aðstæður leyfa.

Lokað frá 22. september

Hægt er að panta fyrir hópa, 10 manns eða fleiri, og þá með nokkurra daga fyrirvara.

Með þökk fyrir ánægjulegt sumar!

Kaffi-Sel, símar 486-6454/486-6690/891-7811

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 10:00-18:00

Sunnudaga: 13:00-18:00

Skrifstofa Hrunamannahrepps

Opnunartími hreppsskrifstofu

Mánudaga til föstudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Dansnámskeið!

Við viljum minna á að dansnámskeiðið hefst næsta mánudag 15. september kl. 20:00 í golfskálanum á Efra Seli.

Ennþá er hægt að skrá sig!

Um er að ræða 5 kvöld 2. klst. í senn.

Áhugasamir hafi samband við

Halldór eða Ástu í síma 891 7811



Til sölu gott furuhjónarúm. Vandaðar dýnur frá Ragnari Björnssyni.

Eru enn í ábyrgð. Ásett verð 40.000 kr.

Upplýsingar í síma 486 6621

Taktu þér tak með

Herbalife.

Hringdu og fáðu frían

prufupakka

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingar-

aðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892

16

6728



í síma:

Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hruna-
manna

Vinsamlegast pantið tíma

486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Frá Bókasafni Hrunamanna

Athygli skal vakin á, að Bókasafn Hrunamanna er búið að opna heimasíðu. Slóðin er <http://www.fludir.is/bokasafn1/> Einnig er tengill inná síðuna af heimasíðu Hrunamannahrepps. Á þessari nýju heimasíðu má finna ýmsar upplýsingar er varða bókasafnið og einnig eru krækjur inná gagnasöfn einsog t.d. Hvar.is., Tímarit.is og fl.

Unnið er að tengingu safnkosts Bókasafns Hrunamanna við Gegni, sem er samskrá íslenskra bókasafna. Markmið kerfisins er að tryggja landsmönnum aðgang að bókfræðilegum upplýsingum sem nýtast í námi, starfi og leik. Útbúinn hefur verið leiðbeiningabæklingur fyrir Gegni.is sem hægt er að nálgast á bókasafninu.

Með tilkomu heimasíðunnar og eftir því sem vinnu við tengingu safnkosts við Gegni vinnst, þá er verið að taka stórt skref í nútímavæðingu Bókasafns Hrunamanna. Allar nýjar bækur eru tengdar jafnóðum og þær eru tilbúnar til útláns. Búið er að tengja skáldsögur og ævisögur. Ekki er gott að segja til um á þessari stundu, hvenær lokið verði við tengingu alls safnkostsins við Gegni. En eftir því sem verkefninu miðar áfram styttest í að útlánabáttur Gegnis verði tekinn í notkun.

Fólk er hvatt til að heimsækja heimasíðu Bókasafns Hrunamanna og jafnframt að skoða gegni.is og kynna sér hvernig nútímaumhverfi bókasafna lítur út.

Opnunartími frá 1. september:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Fjölbreytt úrval bóka og tímarita. Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Á Bókasafni Hrunamanna er tölva fyrir almenning tengd Internetinu. Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimili Hrunamanna

845-Flúðir

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Vefsíða: <http://www.fludir.is/bokasafn1/>

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Skútuvogi 13
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútu-
vogi 13. sími: 533 2211. Mánu-
daga til föstudaga kl. 13:00, Á
Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán





Kvöldsól við Litlu Laxá

Ljós: HK



Spáð í afrakstur fjöruferðar

Ljós: Frá Leikskóla



Hvíldarstund í fjósinu í Birtingaholti

Ljós. SigSigm



Frá 100 ára afmæli UMFH

Ljós. SigSigm